




 iceida

malaví

SMÁRIT
PSSÍ
NR. 5



Malaví

Útgefandi:
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Þverholti 14, 105 Reykjavík
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík
iceida@iceida.is
www.iceida.is

© 2008 Þróunarsamvinnustofnun Íslands¹

Höfundar og ritstjórar: Þórdís Sigurðardóttir, Gunnhildur Guðbrandsdóttir og Jó Tore Berg


Eftirtaldir lögðu til efni og frásagnir eða komu með ábendingar: Guðni M. Eiríksson, Guðrún Haraldsdóttir, Inga Dóra Pétursdóttir, Kalowa Magwira, Margrét Einarsdóttir, Pétur Waldorff, Skafti Jónsson, Stefán Kristmannsson og Stella Samúelsdóttir

Forsíða og baksíða: Lítið fiskiþorp við Apaflóa í suðurhluta Malaví. Mynd: Gunnar Salvarsson
Ljósmyndarar - litlar myndir í ritinu: Ársæll K. Ársælsson, Guðný H. Gunnarsdóttir, Guðfinnur Eiríksson, Gunnar Salvarsson, Jo Tore Berg, Jóhann Pálsson, Skarphéðinn Þórisson, Stefán Jón Hafstein
Þýðing á sögu Kalowa Magwira um markaðslíf í Malaví: Hildur Pétursdóttir
Prófarkalestur: Sigrún Þorgeirsdóttir
Hönnun og umbrot: Vatíkanið
Umsjón með hönnun og útliti: Gunnar Salvarsson og Þórarinna Söebeck
Prentun: GuðjónÓ
ISSN: 1670-8113
ISBN: 978-9979-9808-3-4



Efnisyfirlit

Kort af Malaví	3	Atvinnulíf og samgöngur	29
Malaví í hnotskurn	6	Landbúnaður	29
Saga og samfélag	8	Fiskveiðar	29
Landnám og nýlendutími	8	Iðnaður	32
Stjórnsmál eftir sjálfstæði	8	Samgöngur	32
Efnahagsstefna	10	Ferðaþjónusta	33
Alþjóðasamskipti og þróunarsamvinna	12	Þróunarsamvinna Íslands og Malaví	34
Stjórnsýsla og dómskerfi	14	Stuðningur við fiskimál	34
Listir og menning	16	Stuðningur við heilbrigðismál	36
Íþróttir og afþreying	16	Stuðningur við vatns- og fráveitumál	36
Trúarlíf	17	Stuðningur við grunnmenntun og	
Menntun	18	fullorðinsfræðslu	37
Heilsufar	21	Helstu ritaðar heimildir	38
Jafnrétti kynjanna	24		
Maður og náttúra	26		
Náttúra og dýralíf	26		
Malavívatn	28		
Umhverfismál	28		



Þessa bók má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

¹ Þróunarsamvinnustofnun Íslands gaf út smárit nr. 1, Malaví, árið 1999. Höfundar og ritstjórar voru Auður H. Ingólfsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir. Smárit nr. 5, Malaví, er að hluta byggt á því riti.

Malaví í hnotskurn

Í Malaví búa rúmar 13 milljónir manna. Fjölbreytt náttúra einkennir landið, hásléttur og gróðursælt láglendi. Malavívatn þekur um 15% landsins og er þriðja stærsta stöðuvatn Afríku. Vatnið er 585 km að lengd og 100 km að breidd þar sem það er breiðast. Vatnið gegnir mikilvægu hlutverki fyrir þá sem búa við það og hafa afkomu af því. Landið er þéttbýlt en frjósamt og mikill meirihluti landsmanna lifir af landbúnaði. Malaví var um tíma undir stjórn Breta en öðlaðist sjálfstæði árið 1964.

Malaví er lítið land á afrískan mælikvarða eða tæplega 120 þúsund km², nokkru stærra en Ísland. Það nær 840 km frá norðri til suðurs og landið er hvergi breiðara en 160 km. Landið er í suðausturhluta Afríku og landamærin liggja að þremur ríkjum en hvergi að sjó. Mósambík umlykur suðurhluta landsins, í vestri eru landamæri að Sambíu en í norðri er Tansanía. Malaví er því landlukt sem þýðir að landið hefur ekki aðgang að úthafshöfnum og hamlar það samgöngum við umheiminn. Sú staðreynd hefur áhrif á efnahagslífið því að erfitt er að koma vörum á markað og flytja inn vörur frá öðrum heimshlutum.

Malaví skiptist í þrjá stjórnsýsluhluta, norður-, mið- og suðurhluta, og hefur hver og einn sín sérkenni. Meirihluti íbúa býr í litlum þorpum í dreifbýli. Höfuðborg landsins heitir Lilongve og þar búa tæplega 700 þúsund manns. Borgin er í miðhluta landsins og þar eru allar helstu stjórnsýslustofnanir. Borgin Blantyre er í suðurhlutanum og er svipuð Lilongve að stærð. Blantyre er miðstöð verslunar og viðskipta.



Land og þjóð

Höfuðborg: Lilongve

Stærð: 118.484 km²

Mannfjöldi (2007): 13,1 milljón

Fólksfjölgun (2003–2015): 2,5% á ári

Frjósemi (2007): 6 fæðingar á konu

Meðalhiti: Sumar: 17–29° C

Vetur: 7–23° C

Gjaldmiðill: Malaví kwacha (MK)

Tungumál: Chichewa og enska eru opinber tungumál en mörg önnur tungumál eru töluð í landinu. Enska er aðallega töluð í borgunum.



Meirihluti íbúa Malaví býr í litlum þorpum í dreifbýli. Mynd: Gunnar Salvarsson.

Saga og samfélag

Landnám og nýlendutími

Langt er síðan menn tóku sér bólfestu í Malaví en talið er að menn hafi búið við Malavívatn fyrir 50 til 60 þúsund árum. Einnig hafa fundist líkamsleifar og steingervingar af mannapa sem lifði á svæðinu fyrir um einni milljón ára. Malaví þýðir „land eldanna“ en þjóðsagan segir að þegar hópur fólks kom til Malaví sá það elda í fjarska og kallaði því landið Maraví eða Malaví eins og það heitir í dag.

Á seinni hluta 15. aldar stofnaði hópur fólks, sem kallaðist maravar, konungsveldi sem varði í fjórar aldir. Þessum hópi tilheyrðu m.a. þjóðernishópar sem kalla sig tsjeva og túmbúka. Snemma á 19. öld fluttist á svæðið fólk úr öðrum þjóðernishópum. Frá suðri kom fólk af ngoní-hópnum. Jaðhópurinn var annar fjölmennur hópur sem kom bæði að norðan og sunnan og voru margir úr þeim hópi fulltrúar arabískra þrælasölumanna sem komu frá Sansíbar. Margt fólk var tekið og selt í þrælkun, einkum á árunum 1790–1860, og hafði þrælatakan slæm áhrif á þróun svæðisins. Tsjevar, túmbúkar, ngoní-menn og jaðar eru stærstu þjóðernishóparnir í Malaví samtímans.

Portúgalar sigldu upp Sambesífljótið sunnar í álfunni og stunduðu viðskipti á svæðinu allt frá 16. öld. Einna frægasti landkönnuður frá Evrópu er eflaust Skotinn David Livingstone sem kom árið 1856 til suðurhluta Malaví. Livingstone batt vonir við að aukin verslun myndi draga úr þrælaviðskiptum. Fjöldi trúboða fetaði í fótspor hans og enn þann dag í dag eru trúboðar að störfum, einkum í norðurhluta landsins, og setur trúarlíf mikinn svip á allt samfélagið. Fyrsta sjúkrahúsið í landinu byggðu trúboðar frá Skotlandi.

Nýlendukapphlaup Evrópuþjóða í Afríku var í algleymingi á síðustu áratugum 19. aldar. Nokkuð var um evrópska ævintýramenn á svæðinu í kringum Malavívatn en þeir komu í kjölfar trúboðanna og hófu margir að stunda viðskipti. Flestir þeirra voru breskir. Til að tryggja hagsmuni sína gerðu Bretar landið að verndarsvæði sínu árið 1891 og að nýlendu árið 1907 undir heitinu Nýasaland. Landsmenn kunnu yfirráðum Breta illa og árið 1915 var gerð blóðug uppreisn. Uppreisnin var bæld niður og flestir þeirra sem létu lífið voru heimamenn. Árið 1953 gekk Nýasaland í ríkjasamband með Norður-Ródesíu (sem nú heitir Sambía) og Suður-Ródesíu (nú Simbabwe). Var þessi ákvörðun ekki til að auka hrifningu heimamanna á drottnum sínum.

Stjórnmál eftir sjálfstæði

Andstaðan við Breta óx um miðbik síðustu aldar og baráttumenn fyrir því að landið öðlaðist sjálfstæði stofnuðu með sér samtök árið 1944. Áratug síðar varð Hastings Banda leiðtogi samtakanna en hann var þá nýkominn heim eftir langa dvöl erlendis. Banda fékk strax víðtækan stuðning í forystuhlutverkið og leiddi þjóðina til sjálfstæðis árið 1964. Hann varð fyrsti forseti landsins og ríkti í 30 ár. Fyrri hluta valdatímabils hans óx hagkerfið og ríkisstjórnin byggði upp miðstýrt kerfi sem miðaði að því að skapa sem mestan stöðugleika í landinu. Minna var um fólksflutninga frá sveitum og þorpum í borgirnar en í mörgum nágrennaríkjum. Stöðugleikinn var þó ekki án fóna. Banda var einræðisherra sem stjórnaði Malövum með harðri hendi og þeir sem sýndu andstöðu voru fangelsaðir, sendir í útleið eða jafnvel myrtir. Hann bannaði alla stjórnmálaflokka, aðra en sinn eigin, og árið

1971 skipaði hann sjálfan sig forseta fyrir lífstíð.

Í lok níunda áratugarins fór að myndast þrýstingur á stjórn Banda um að skapa skilyrði fyrir frjálsan markað og lýðræðislegra stjórnarfar. Þrýstingurinn kom bæði innan- og utanlands frá og leiddi að lokum til mikilla breytinga á stjórnskipulagi landsins. Innanlands hófu menn innan kaþólsku kirkjunnar að gagnrýna forsetann opinberlega. Í bréfi frá kaþólsku biskupunum, sem lesið var upp í öllum kaþólskum kirkjum landsins árið 1992, gagnrýndu þeir ríkisstjórnina harkalega og hvöttu til breytinga á þjóðfélagsskipaninni. Í kjölfarið fylgdi mikil mótmælaalda í landinu. Kornid, sem fyllti mælinn, var að erlend ríki skáru á alla fjárhagsaðstoð, aðra en þá sem sneri að neyðarhjálp, þar til umbótum yrði komið á. Almennigur fékk loks að kjósa milli fjölflokkakerfis og einræðis og Banda varð að fara frá völdum þegar úrslit kosninganna voru ljós.

Árið 1993, skömmu áður en Malavar áttu að kjósa um fjölflokkakerfi, hófu meðlimir úr ungliðahreyfingu Banda óeirðir sem miððu að því að letja fólk til að kjósa. Herinn skarst í leikinn og bardagar brutust út í bænum Mzuzu í norðurhluta landsins og í höfuðborginni Lilongve. Átökin enduðu á þann veg að margir ungliðanna flýðu land og samtökin leystust upp. Auðvelt hefði verið fyrir herinn að taka völdin en hershöfðingjarnir kölluðu hermenn aftur í búðir sínar til að sýna stuðning við lýðræðisþróunina.

Banda og stjórnarhættir hans

Fyrsti forseti landsins, Dr. Hastings Kamuzu Banda, var læknir að mennt og hefur valdatími hans verið nefndur tími þagnarinnar. Stjórnartíð hans einkenndist af kúgun og einræðislegum fyrirskipunum. Á þessum tíma tíðkaðist ströng ritskoðun. Reglur um klæðaburð voru þröngar, konur fengu aðeins að ganga í ökklasíðum pilsum og körlum var bannað að safna hári. Pólitískir andstæðingar stjórnarinnar áttu til að hverfa á dularfullan hátt. Íbúar landsins fengu fyrirmáli um að hafa sem minnst samneyti við útlendinga og ferðamenn sem komu til landsins en áttu að veifa og brosa til þeirra ef svo bar undir að þeir mættu þeim á förnum vegi.

Óttinn við Banda og stjórnarhætti hans var mikill. Foreldrar gáfu börnum sínum fyrirskipanir um að hlaupast á brott ef þau lentu í því, t.d. í skólanum, að hlusta á umræður um forsetann og hann var nefndur á nafn. Ótti réði ríkjum meðal manna þar sem fólk vissi aldrei hver var njósnari á vegum stjórnarinnar og hver ekki. Ungliðahreyfing Banda fór um héruð og var augu og eyru forsetans.

Malaví varð fjölflokka lýðræðisríki árið 1994 eftir 30 ára einræðisstjórn. Enn þá er pólitík viðkvæmt mál í augum sumra Malava og virðist Banda enn hafa ítök í hugum þeirra.

Fyrstu lýðræðislegu kosningarnar voru haldnar árið 1994 og bar Sameinaða lýðræðisfylkingin (United Democratic Front), flokkur Bakilis Muluzis, sem varð forseti í kjölfarið, sigur úr býtum. Nýja ríkisstjórnin boðaði einkavæðingu og baráttu við fátækt. Mannréttindi og lýðræðisleg gildi voru einnig ofarlega á stefnuskránni. Það

dró úr vinsældum nýju stjórnarinnar þegar ljóst varð að breytingar til batnaðar tækju lengri tíma en upphaflega var boðað. Muluzi náði engu að síður endurkjöri í kosningum árið 1999. Árið 2004 voru þriðju fjölflokkakosningarnar haldnar í Malaví og vann þá Sameinaða lýðræðisfylkingin enn á ný. Í broddi fylkingar ásamt Muluzi, fráfarandi forseta, var nýr maður, Bingu wa Mutharika. Forsetakosningar voru samhliða þingkosningunum og bar Mutharika sigur úr bítum. Snemma árs 2005 klauf hann sig úr Sameinuðu lýðræðisfylkingunni og stofnaði nýjan flokk að nafni Lýðræðislegi framfaraflokkurinn (Democratic Progressive Party). Ósætti hefur verið milli flokkanna á þingi og margvíslegar ásakanir flogið á milli manna. Hafa verður í huga að Malaví er ungt lýðræði og fjölflokkakerfið frá 1994 þarf tíma til að festa sig í sessi.

Fjölmiðlar og lýðræði

Úrval fjölmiðla hefur aukist á undanförunum árum en Malaví var lengi vel eina landið í sunnanverðri Afríku án ríkissjónvarps. Í tíð Hastings Banda voru aðeins gefin út tvö dagblöð og rekin ein opinber útvarpsstöð. Þótt engin ritskoðun færi fram opinberlega var hún engu að síður fyrir hendi því að minnsta gagnrýni á ríkisstjórnina nægði til fangelsunar. Frelsi fjölmiðla hefur aukist í kjölfar breyttra stjórnarháttar, ný dagblöð og útvarpsstöðvar hafa verið stofnuð og árið 1999 hófust útsendingar malavíska ríkissjónvarpsins. Á árinu 2007 höfðu einungis u.þ.b. 4% malavískra fjölskyldna sjónvarp heima hjá sér en 55% útvarp. Þó nokkrar útvarpsstöðvar eru starfræktar og þær senda flestar út á chichewa. Ríkisreknað sjónvarps- og útvarpsstöðvar hafa verið gagnrýndar fyrir að reka áróður fyrir ríkisstjórnina. Einkareknað útvarpsstöðvar hafa aftur á móti verið gagnrýndar fyrir ónóg gæði og fyrir að reka áróður fyrir þá sem kaupa útvarpstíma.

Þar sem lítill hluti landsmanna hefur aðgang að fjölmiðlum er erfitt að koma skilaboðum á framfæri til almennings, sértaklega í dreifbýli. Munnleg sagnahefð Malava, þar sem dans og söngur gegna mikilvægu hlutverki, er oft notuð til að koma á framfæri samfélagslegum boðskap. Vinsælt er að fara með söng- og leikþætti um landið til að sýna í þorpum, m.a. til að kynna tiltekin málefni, fræða og fá umræðu.

Efnahagsstefna

Erlendir kaupsýslumenn hafa ekki fjárfest mikið í Malaví og má rekja það til þess að ástandið í efnahagsmálum hefur lengi verið ótryggt og malavísk stjórnvöld hafa átt í erfiðleikum með að ná upp hagvexti í landinu. Undanfarna áratugi hafa stjórnvöld þó lagt áherslu á að bæta efnahagsástandið og hafa notið aðstoðar alþjóðastofnana og einstakra ríkja. Um miðjan níunda áratug síðustu aldar reyndu stjórnvöld, í samvinnu við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að endurskipuleggja hagkerfið með það að leiðarljósi að auka fjölbreytni og renna styrkari stöðum undir framleiðsluna. Breytingarnar skiluðu ekki tilætluðum árangri og í byrjun tíunda áratugarins voru efnahagserfiðleikarnir orðnir það miklir að þjóðin þurfti að fá matvælaaðstoð erlendis frá. Slök efnahagsstefna var þó ekki eina ástæða lítils hagvaxtar því að þurrkar og lágt verð á útflutningsvörum komu í veg



Vinsælt er að koma samfélagslegum boðskap á framfæri með leik og söng. Mynd: Gunnar Salvarsson.

fyrir efnahagsuppbyggingu í landinu. Í kjölfar fyrstu lýðræðislegu kosninganna árið 1994 og í lok þess áratugar gerðu stjórnvöld breytingar á efnahagsstefnu landsins og var nú lögð meiri áhersla á að draga úr almennri fátækt en að styrkja stór framleiðslufyrirtæki. Árið 2000 var hleypt af stokkunum þriggja ára verkefni sem hafði þetta að markmiði. Í því fólst m.a. að dregið var úr höftum á innanlandsmarkaði, ríkisfyrirtæki voru einkavædd og aðstæður smáfyrirtækja voru bætтар, t.d. þeirra sem vildu setja landbúnaðarvörur á markað. Stjórnvöld höfðu þó ekki nægilega góð tök á efnahagsstefnunni og ríkissjóður var rekinn með halla á árunum 1999–2004. Á þessum árum dró Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úr lánum til landsins vegna þess hve illa hafði tekist til við að framfylgja efnahagsstefnunni.

Þegar Bingu wa Mutharika tók við völdum sem forseti árið 2004 voru enn einu sinni hafnar aðgerðir til að bæta efnahag landsins og endurvefja traust Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Malaví. Ári síðar fékk landið styrk frá sjóðnum og fleiri stofnunum í kjölfarið. Matvælskortur í kjölfar uppskerubrests setti strik í reikninginn við að bæta halla ríkissjóðs en á móti kom aukin skattheimta af fyrirtækjum, bæði opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum, og auk þess hærri styrkir frá þróunarstofnunum. Þó hægt gangi hafa orðið töluverðar framfarir í efnahagsmálum í stjórnartíð Bingus wa Mutharika.

Alþjóðasamskipti og þróunarsamvinna

Malavar vilja halda við tengslum við þau ríki á Vesturlöndum sem Banda kom á í sinni stjórnartíð, enda veita alþjóðastofnanir og vestræn ríki landinu öflugan stuðning og fær ríkissjóður landsins um 40% tekna sinna með þróunaraðstoð. Landið er aðili að Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fleiri fjölþjóðlegum stofnunum. Þátttaka í svæðisbundnu samstarfi er landinu einnig afar mikilvæg og eru Malavar virkir aðilar í Afríkusambandinu (African Union) sem hefur það hlutverk að styrkja samheldni og samvinnu Afríkuríkja. Þeir taka einnig þátt í þróunarsamtökum ríkja í sunnanverðri Afríku (SADC) og efnahagsbandalagi ríkja í austan- og sunnanverðri Afríku (COMESA).

Á tímum Banda voru samskipti Malaví og nágrannaríkjanna ekki góð vegna tengsla forsetans við Suður-Afríku þar sem kynþáttaaðskilnaðarstefna ríkti. Nú á Malaví almennt góð samskipti við nágrannaríki sín. Á tíu ára tímabili, frá 1985-1995, tóku Malavar við rúmlega einni milljón flóttafólks frá Mósambík. Þetta varð m.a. til þess að landið hlaut um tíma mikinn stuðning Vesturlanda. Þær fjölþjóðlegu stofnanir, sem veita mest til landsins, eru Alþjóðabankinn, Evrópusambandið og ÞróunarbANKI Afríku. Einstök ríki, sem veita stærstu framlögin, eru Bretland, Bandaríkin og Noregur og þar af eru framlögin frá Bretlandi langhæst. Fleiri lönd og stofnanir veita Malaví stuðning, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands, og er það almennt stefna þeirra að vinna saman að markmiðum sem stjórnvöld Malaví hafa sett sér. Unnið er samkvæmt þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000. Þá hafa malavísk stjórnvöld mótað opinbera stefnu um hvernig draga skuli úr fátækt í landinu. Alþjóðabankinn setti upphaflega fram hugmyndir um slíka stefnu fyrir fátæk ríki en hvert og eitt ríki mótar hana eftir því hvaða leiðir stjórnvöld í viðkomandi landi telja að henti því best í baráttunni gegn fátækt. Þróunarstofnanir, alþjóðastofnanir og sum þeirra frjálsu félagasamtaka, sem starfa í landinu, vinna í

samvinnu við stjórnvöld samkvæmt þessari stefnu. Í stefnumörkun stjórnvalda í Malaví um að draga úr fátækt er lögð áhersla á aukinn hagvöxt, bætt grunnvirki og velferðarkerfið. Einnig er stefnt að því að auka erlendar fjárfestingar í landinu, styrkja einkageirann með því að auðvelda fólki að stofna eigin fyrirtæki og síðast en ekki síst að auka menntun, draga úr kynbundnum launamun og bæta stjórnarfar almennt. Þá hafa stjórnvöld sett fram sérstök markmið sem miða að því að starf þróunarstofnana í landinu verði skilvirkara og í samræmi við

Malaví og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Þróunarsamvinnustofnanir og flest fátæk ríki hafa sett sér að starfa samkvæmt þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Markmiðin voru sett fram árið 2000 og er stefnt að því að þau náist fyrir árið 2015. Markmiðin eru eftirfarandi:

1. Draga um helming úr fátækt og hungri.
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar.
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.
4. Lækka dánartíðni barna.
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna.
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni.
7. Vinna að sjálfbærri þróun.
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

Uppspera í Malaví var góð á árunum 2006-2007 og hefur á því tímabili dregið úr hungri. Hafði hefur verið átak gegn alnæmisfaraldrinum og fjöldi þeirra sem greinast á ári hverju hefur staðið í stað. Í höfuðborginni hefur smitum hjá barnshafandi konum fækkað og fleiri fá meðferð og lyf við veirunni en áður. Dauðsföllum barna undir fimm ára aldri hefur fækkað. Bólusetningum, sem m.a. hefta útbreiðslu mislinga, hefur fjölgað og notkun moskítóneta til að draga úr malaríusmiti hefur aukist. Skráning barna í grunnskóla hefur aukist um 60% frá 1994 og læsi ungs fólks aukist um 8%. Einnig hefur tekist að fækka nemendum í hverjum bekk en í sumum malavískum skólum eru yfir 100 börn í bekk, einkum í yngri árgöngunum. Með fækkun í bekkjum er auðveldara að ná til barnanna og auka gæði menntunar.

Þrátt fyrir töluverðan árangur er enn langt í land að þúsaldarmarkmiðin náist í Malaví. Þótt barnadauði hafi minnkað hefur mæðradauði aukist og má nefna sem ástæður þess skort á menntuðu heilbrigðisstarfsfólki við mæðraeftirlit og fæðingarhjálp. Nauðsynlegt er að mennta fleira fólk í heilbrigðisgeiranum og auka þjónustu við mæður og ungabörn. Einnig þarf að auka gæði menntunar. Brottfall nemenda í Malaví er enn þá með því hæsta í Afríku, bekkir eru of stórir og stúlkur flosna frekar upp úr námi en drengir, einkum þegar komið er upp í efri bekkina.

alþjóðlegar skuldbindingar, ekki síst Parísaryfirlýsinguna frá 2005. Parísaryfirlýsingin hefur orðið mikilvægt leiðarljós í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og er helsta markmið hennar að bæta árangur með því að samræma starfsaðferðir milli þróunarstofnana, sem starfa í þróunarlöndum, og stjórnvalda viðkomandi landa.

Árið 2005 gerði ríkisstjórn Malaví samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að styrkja efnahagskerfi landsins og draga úr fátækt og stuðla þannig að möguleikum þess til að fá felldar niður skuldir sínar við bankann og aðra lánadrottna. Markmiðið með þessu átaki, þ.e. niðurfellingu skulda þróunarríkja, er að skuldugar og fátækar þjóðir, sem stefna að því að styrkja efnahagslíf sitt, eigi möguleika á skuldaniðurfellingu. Haustið 2006 var tilkynnt af hálfu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að Malaví hefði náð takmarki sínu og uppfyllt skilyrði til þess að fá felldar niður skuldir sínar við áðurnefndar stofnanir og fleiri aðila.



Stjórnsýsla og dómskerfi

Eftir að lýðræði komst á í Malaví var samin ný stjórnarskrá sem öðlaðist gildi árið 1995. Hún er byggð að miklu leyti á þeirri bandarísku og grunnur hennar er lýðræði og fjölflokkakerfi. Þar er mælt fyrir um óháða dómstóla og lagður grundvöllur að lögum um réttindi íbúa landsins. Eins og í mörgum ríkjum Afríku byggist stjórnkerfi landsins að mestu á vestrænum viðmiðum en að nokkru á afrískum hefðum. Dómskerfinu er skipt í þrjú stig, þ.e. lægri dómstóla, æðri dómstóla og áfrýjunardómstól. Stjórnsýslan og dómskerfið eru að breskri fyrirmynd en auk þess tilheyra stjórnýslunni höfðingjar, þ.e. þjóðflokkahöfðingjar, ættarhöfðingjar og þorpshöfðingjar, sem hafa öðlast stöður sína samkvæmt venjum þeirra hópa sem þeir tilheyra. Slíkir höfðingjar, oft í samráði við nokkurs konar öldungaráð, fara jafnframt gjarnan með dómsvald í ákveðnum málaflokkum og fylgja þá reglum í sínum hópi.

Í dag skiptist landið í þrjú stjórnsýslusvæði og innan þeirra eru 27 minni héruð sem hvert lýtur eigin stjórn og eru starfandi dómstólar innan hvers og eins. Hvert hérað skiptist niður í enn smærri einingar sem ráðast af yfirráðasvæðum hins gamla höfðingjaveldis. Smæsta stjórnsýslueiningin er þorpið þar sem þorpshöfðingi er við völd. Malavíska ríkið viðurkennir yfirráðarétt höfðingjanna og veitir helstu höfðingjum heiðurslaun en þeir teljast þó ekki ríkisstarfsmenn.

Konur eru ekki áhrifaríkur hópur innan stjórnsýslunnar, hvorki þeirrar opinberu né innan þorpanna. Árið 2007 skipuðu konur einungis 13,6% þingsæta og 20% ráðherra voru konur. Í þorpunum hafa yfirleitt karlar opinber völd, svo sem höfðingjatign.



Baráttuglaðir stuðningsmenn forsetans og flokks hans Lýðræðislega framfaraflokksins. Mynd: Stefán Jón Hafstein.

Listir og menning

Menning Malava er rík og fjölbreytt. Söngur, dans og mynd- og útskurðarlist skipa veglegan sess í menningarlífinu og þessar listgreinar eiga sér langa hefð í þorppsamfélögunum. Algengasta hljóðfærið eru trommur en þær eru slegnar við fjölda söngva og dansa sem einkenna malavíska menningu. Trúlega er elsta dansform Malava komið frá Gule Wamkule-trúnni en innan hennar er að finna um 150 persónur sem hver um sig hefur hlutverk og sögu og túlka dansararnir þessar persónur, huldir andlitsgrímum og veigamiklum búningum. Þessi blanda trúar og listforms tsjevafólksins er hulin dulúð en markmið dansins er að kalla fram anda dýra og látinna ættingja. Með sambandinu við andaheiminn óskar fólk eftir því að fá ráð frá hinum framliðnu en andar dýranna sýna fram á óæskilega hegðun mannanna sem dansararnir túlka við dynjandi trommuslátt (sjá mynd bls. 23).

Söngur er mörgum Malövum hugleikinn. Algengustu tegundir söngva eru kristnir trúarsöngvar, gospeltónlist, sem kórar flytja, og reggítónlist sem rastafarar flytja. Gospeltónlist er ekki einungis flutt við messur og aðrar kirkjuathafnir heldur er hún samofin samfélaginu öllu og flutt við ýmis tækifæri, jafnt formleg sem óformleg. Reggítónlistin er einnig mjög vinsæl og nokkrir reggítónlistarmenn hafa komið tónlist sinni á framfæri víða um landið.

Malavar eru sagnaþjóð og er munnleg geymd algengasta bókmenntaform þeirra þó að ritaðar bókmenntir hafi verið að ryðja sér til rúms á seinni árum. Spakmæli og málshættir eru gjarnan látin falla til að vitna um visku þess er setur þau fram. Leikrit og ljóð eru einnig vinsæl frásagnarform. Í landinu starfa fjölmargir leikhópar sem ferðast um landið til að flytja bæði hefðbundin og ný verk fyrir fólkið á landsbyggðinni. Leikhópar eru enn fremur mikið notaðir til þess að koma mikilvægum upplýsingum til almennings, t.d. um alnæmi, hreinlæti og sjúkdóma, því að erfitt getur verið að koma slíkum upplýsingum til fólks í dreifbýlinu þar sem fólk hefur almennt ekki greiðan aðgang að útvarpi, sjónvarpi eða blöðum.

Malavar halda utan um menningu sína og hafa þeir byggt upp nokkur söfn og menningarmiðstöðvar. Meðal þeirra þekktustu er KuNgoni (Mua Mission) sem er miðstöð menningar og lista þar sem er hægt er að fá innsýn í menningu, sögu, listir og tungumál Malaví. Í miðstöðinni er safn þar sem farið er yfir sögu þriggja stærstu þjóðernishópanna. Þar er einnig að finna tilkomumikið safn grímna sem samanstendur af yfir 400 Gule Wamkule-grímum og á það sér enga hliðstæðu í heiminum. Jafnframt er á sama stað útskurðarverkstæði þar sem yfir hundrað útskurðarmenn skera út viðarmyndir sem vísa í trúar- og veraldleg efni.

Íþróttir og afþreying

Útbreiddasta og vinsælasta íþrótt Malava er knattspyrna en fast á eftir fylgja aðrar íþróttir sem bárust með Bretum á nýlendutímanum. Stúlkur stunda netbolta, sem er afbrigði af körfubolta, og landslið þeirra hefur náð langt í þeirri grein á alþjóðlegum mótum. Stúlkur stunda líka teygjutvist og leika sér í París. Úti í þorpunum sjást drengir gjarnan leika sér að heimagerðum bílum, skoppa gjörðum og spila knattspyrnu. Frjálsar íþróttir, tennis og krikket eru einnig vinsælar íþróttir. Vinsælasta spil Malava er bao eða bawu. Það hefur verið spilað víða um Afríku frá fornu fari en Malavar hafa þróað sérstaka útgáfu af spilinu. Reglur eru einfaldar en lengi má bæta

færni sína í spilinu. Spilaborðið samanstendur af fjórum röðum með átta holum í hverri og er markmið spilsins að fjarlægja kúlur úr holum í fremri röð andstæðingsins. Krakkar grafa oft holur í jörðina og nota fræ eða steina til að spila bao (sjá mynd bls. 14).

Trúarlíf

Trúarlíf skipar stóran sess meðal malavísku þjóðarinnar. Malavar aðhyllast mismunandi trúarbrögð en kristin trú er útbreiddust og mest áberandi. Næstum því 80% Malava eru kristnir en kristin trú barst til landsins með trúboðum í lok 19. aldar og breiddist hratt út undir nýlendustjórn Breta. Þótt fyrstu trúboðarnir hafi verið mótmælendatrúar tilheyrir um helmingur kristinna kaþólsku kirkjunni. Kristnin er mjög áberandi í öllu samfélaginu, kristnir trúarhópar reka t.d. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og skóla og biblíufræði var lengi vel skyldugrein í skólum landsins. Árið 2001 var þó farið að kenna almenna trúarbragðafræði í stað hennar til að koma til móts við aðra trúarhópa í landinu.

Íslamstrú eru næststærstu trúarbrögð landsins en um 13% landsmanna aðhyllast hana. Trúin barst til Malaví

Um Guð, menn og kameljón

Sköpunarsaga tsjevanna í Malaví er dæmi um hvernig kristinni trú og þjóðtrú er blandað saman og úr verður saga sem sameinar þetta tvennt. Í augum Malava er kameljónið heilagt enda er það í lykilhlutverki í sköpunarsögu þeirra og álitnið boðberi lífsins. Sagan segir að Guð hafi skapað heiminn og manninn og að Guð hafi verið svo hrifinn af sköpun sinni að hann hafi ákveðið að setjast að á jörðinni og búa þar á meðal manna. Guð og menn lifðu sáttir saman allt þar til maðurinn lærði að stjórna eldinum og fór að nota þá uppfinningu sína óspart. Við þetta móðgaðist Guð þar sem honum fannst að mennirnir ættu að láta sér nægja það sem Guð hefði skapað og ekki byrja að skapa eitthvað sjálfir. Guð ákvað því að yfirgefa mennina og jörðina og klifraði eftir kóngulóarþræði upp í skýin. Eftir að hafa verið nokkurn tíma í skýjunum fór Guð að linast í garð mannanna og ákvað að senda kameljónið niður til þeirra með þau tíðindi að mennirnir þyrftu hvorki að óttast reiði hans né dauðann þar sem hann myndi ljá þeim eilíft líf. Kameljónið fór af stað með fréttirnar og fór sér löturhægt.

Guð beið í ofvæni eftir viðbrögðum mannanna en þau létu á sér standa þar sem kameljónið var lengi á leiðinni með tíðindin. Guð áttaði sig ekki á því að kameljónið væri svona svífaseint og væri ekki búið að koma skilaboðunum á áfangastað. Hann gerði því ráð fyrir að mennirnir væru svona vanþakklátir og brá þá á það ráð að senda eðlu af stað með ný skilaboð um að það væri ekkert líf eftir dauðann. Eðlan skaust af stað á miklum hraða. Hún hljóp og kom niður til mannanna á undan kameljóninu með hin slæmu skilaboð. Við þessar fréttir fylltust mennirnir skelfingu. Stuttu síðar komst kameljónið loks til mannanna með sínar góðu fréttir um að þeir þyrftu ekki að óttast reiði Guðs og að það væri líf eftir dauðann. Mennirnir tóku þessum fréttum fagnandi og lofsungu Guð og miskunnsemi hans og gera enn þann dag í dag.

Í byrjun 19. aldar með arabískum þrælakaupmönnum og kaupsýslumönnum sem komu frá Arabíuskaganum og hófu trúboð meðfram strönd Malavívatns. Það voru aðallega jaðar, en þeir búa við suðurströnd vatnsins, sem snerust til íslams en víða á þessu svæði eru moskur þar sem fólk getur iðkað trú sína.

Þrátt fyrir mikil áhrif kristinnar í samfélaginu skipa hefðbundin, malavísk trúarbrögð enn þá stóran sess í lífi landsmanna og önnur trúarbrögðin útiloka ekki hin. Hefðbundin trú blandast saman við önnur trúarbrögð og úr verður ákveðin heild sem fólk þykir eðlileg og er hluti af lífi þess. Talið er að um 3% þjóðarinnar aðhyllist hefðbundin trúarbrögð eingöngu og þrátt fyrir að nokkur leyndardómur hvíli yfir þeim finnast víða merki um þau. Fólk leitar t.d. gjarnan til græðara með veikindi sín og Gule Wamkule-dansarar taka þátt í ýmsum menningarviðburðum.

Menntun

Menntun er mikilvæg í baráttunni við fátækt því að með henni fær fólk fleiri valkosti og atvinnumöguleikum fjölgar. Hún getur einnig átt sinn þátt í að greiða aðgang fólks að fjármagni og stuðla að jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í menntamálum í Malaví er ólæsi meðal Malava eldri en 15 ára enn þá mjög algengt, eða 36%, og mun algengara meðal kvenna en karla. Aðeins þriðjungur fullorðinna kvenna hefur gengið í skóla en nú orðið byrja langflest börn í grunnskóla. Skólakerfið skiptist upp í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Í grunnskóla geta börn hafið nám sex ára gömul en sum eru þó eldri þegar þau hefja skólagöngu. Að loknu átta ára grunnskólanámi eiga nemendur kost á því að komast í framhaldsskóla hafi þeir náð tilskildum árangri. Framhaldsskólinn er fjögur ár og þeir sem ljúka þeim öllum taka lokapróf. Ræður árangurinn af því prófi hvort nemandi kemst í háskóla en þeir eru fjórir í landinu.

Grunnskólamenntun hefur verið ókeypis í Malaví frá árinu 1994 þegar mörkuð var stefnubreyting í menntamálum og ákveðið að öll malavísk börn ættu rétt á ókeypis grunnenntun. Nemendum var m.a. ekki lengur gert skylt að ganga í skólabúningum, en það gat haft letjandi áhrif á skólagöngu því að búningarnir eru dýrir og erfitt fyrir fátæka forelda að standa straum af kostnaði við þá. Í kjölfar breytinganna fjölgaði nemendum í grunnskólum mikið og nú orðið hefja jafnmargar stúlkur og drengir skólagöngu. Það hefur þó ekki orðið til þess að jafn margar stúlkur útskrifist og drengir. Þrátt fyrir jákvæða þróun í átt til aukinnar menntunar malavískra barna fylgdu stefnubreytingunni einnig alvarleg vandamál. Þegar nemendum fjölgaði reyndist vera mikill skortur á húsnæði, kennurum og námsefni.



Glaðbeitt börn að leik fyrir utan skólann sinn. Mynd: Gunnar Salvarsson.

Menntun er mikilvæg í baráttunni við fátækt. Á myndunum má sjá þátttakendur í fullorðinsfræðslu, boltaleik í frímínútum í framhaldsskóla og loks fræðslu á sviði mæðraverndar.

Víða kenndu réttindalausir kennarar börnunum undir berum himni eða í lélegu húsnæði þar sem fullnægjandi hreinlætisaðstöðu skorti. Stjórnvöld, í samvinnu við þróunarstofnanir, hafa unnið að því að ráða bót á þessum vandamálum. Menntamálaráðuneyti landsins hefur markað sérstaka stefnu í málefnum grunnskólanna í þeim tilgangi að bæta aðstöðu nemenda og kennara. Í stefnu stjórnvalda felst einnig að það á að vernda börnin og auðvelda þeim aðgang að menntastofnunum. Það er t.d. markmiðið að hafa grunnskóla í ekki meira en þriggja kílómetra fjarlægð frá hverju heimili og að yngri börnin sæki skólana fyrri hluta dags en þau eldri seinni hlutann. Einnig hafa samgöngur verið bættar og jafnvel hafa sums staðar verið settar upp gangbrautir börnunum til verndar og þæginda. Samt ljúka einungis 75% nemenda við fimmta bekk án þess að hafa endurtekið skólaár. Það er ekki skylt að fara í grunnskóla og sumir nemendur hætta áður en þeir eru orðnir læsir sem endurspeglast í því að ólæsi hjá ungu fólki milli 15 og 24 ára er 24,5%.

Af þeim nemendum, sem ljúka grunnskóla, vilja margir halda áfram námi en í framhaldsskólum þurfa þeir að borga skólagjöld sem ekki allir hafa efni á. Einungis um fjórðungur unglinga fer í framhaldsskóla og stúlkur eru þar í minnihluta. Menningar- og félagslegir þættir í samfélaginu hafa einnig áhrif á mismunandi sókn ungmenna í skóla og virðast bæði kyn og stétt hafa áhrif á áframhaldandi skólagöngu. Börn úr lægri stéttum samfélagsins og í dreifbýli, einkum stúlkur, eru líklegust til að hætta námi. Engin einhlít skýring er á því hvers vegna munur á skólasókn drengja og stúlkna eykst með hækkandi aldri en verið getur að foreldrar telji menntun drengja mikilvægari og veiti þeim meiri stuðning. Einnig hefur verið bent á að skyldur, eins og heimilisstörf, barnagæsla og umönnun sjúklinga, einkum eftir að alnæmisfaraldurinn braust út, hafi haft áhrif á skólagöngu stúlkna. Með þessi störf á herðunum hafa stúlkurnar lítinn tíma til að sinna námi og flosna því frekar upp úr skóla. Þá giftast margar stúlkur ungar og eignast börn. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að viðmót kennara gagnvart stúlkum sé ekki jafn vinsamlegt og gagnvart drengjum og þeim jafnvel haldið frá sumu námi eins og raunvísindum og tæknigreinum.

Fleiri vandamál hafa herjað á framhaldsskólana. Eftir að grunnskólinn varð gjaldfrjáls fjölgaði nemendum mikið, einnig í framhaldsskólum. Á hinn bóginn varð brottfall hlutfallslega meira og hlutfallslega færri náðu lokaprófunum en áður. Stjórnvöld hafa þó reynt að sporna við þessum vanda og leggja áherslu á að sem flest ungmenni hafi tækifæri til að stunda nám á framhaldsskólastigi. Framhaldsskólar eru ýmist reknir af ríkinu eða einkaaðilum en einnig finnast skólar sem einkaaðilar, svo sem kristileg samtök, reka en þeir eru styrktir af ríkinu. Í landinu eru líka alþjóðlegir skólar sem m.a. börn þróunarstarfsfólks sækja.

Eftir fjögurra ára skólavist í framhaldsskóla taka nemendur próf og ráða einkunnir hvort þeir hafa möguleika á inngöngu í háskóla. Nemendum í háskólum hefur fjölgað en mjög erfitt er þó enn þá að komast í háskólanám. Mun færri konur stunda háskólanám en karlar og hefur það umtalsverð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum.

Fjórir háskólar eru í landinu, tveir ríkisreknir og tveir í einkaeign. Stærsti skólinn er Háskóli Malaví með höfuðstöðvar í bænum Zomba í suðurhluta landsins en útibú í Lilongve og Blantyre. Um leið og landið öðlaðist sjálfstæði árið 1964 fóru Malavar að huga að því að koma háskóla á laggirnar og var hann stofnaður þá um haustið. Skólinn hefur stækkað ört og ýmsar stofnanir og minni skólar verið innlimaðar í hann. Háskólinn í Mzuzu

í norðurhluta landsins er hinn ríkisrekni háskólinn í Malaví en hann var stofnaður árið 1994 fyrir tilstuðlan fyrrverandi forseta landsins, Bakilis Muluzis. Til viðbótar eru tveir einkareknir, kristnir háskólar, annar í suðurhluta landsins og hinn í norðurhlutanum.

„Af hverju takið þitt þátt í leshópnum?“

Ruth Gama (dulnefni) býr á Apaflóasvæði við Malavívatn og tekur þátt í leshópi sem er hluti af fullorðinsfræðsluverkefni þar á svæðinu. Ruth segir að sumir stríði henni og bekkjarsystur hennar fyrir að taka þátt í leshópnum og skilja ekki hvernig þær nenni því. En Ruth er mjög ánægð með að fá að taka þátt í hópnum og verkefnið hefur hjálpað henni á mörgum sviðum. Þegar hún ferðast finnst henni gott að geta nú lesið hvaðan rútan kemur og hvert hún fer. Þá þykir henni ákaflega mikilsvert að geta reiknað út tap og hagnað í viðskiptum því að nú kann hún að lesa, skrifa og reikna.

Ruth, eins og margir Malavar, hafði ekki tækifæri til að ganga í skóla þegar hún var ung. Þetta er því nýtt tækifæri til að læra. Í þorpinu eru einnig ólæsir karlar en Ruth segir að þeir séu feimnir við að taka þátt í leshópnum. Þar eru aðallega konur og sumar eiga börn, jafnvel barnabörn, á skólaaldri. Ruth telur mikilvægt að börn noti tækifærið núna til að ganga í skóla. Hún myndi aldrei leyfa börnunum sínum að hætta í skóla því að hún hefur sjálf upplifað það að vera fullorðin kona og ólæs. Ruth segir að hún myndi ekki hika við að senda börnin sín aftur í skólann ef þau skröpuðu og neita þeim um mat heima ef þau neituðu að fara.

Eiginmaður Ruthar er ánægður með að hún taki þátt í fullorðinsfræðslu. Hann er læs og vinnur í öðrum hluta landsins. Ruth segir að það besta við að geta lesið og skrifað sé að nú geti þau skrifað á. Ef hún væri ólæs þyrfti hún að biðja um aðstoð frá vini sínum sem myndi þá komast að persónulegum málum hennar og eiginmannsins.

Heilsufar

Aðgangur að góðri og skilvirkri heilbrigðisþjónustu heyrir til grundvallarmannréttinda. Bætt heilsufar þjóðar getur, líkt og menntun, verið stór þáttur í að draga úr fátækt og auka framleiðni. Í Malaví haldast í hendur fátækt og skortur á heilbrigðisþjónustu. Lífslíkur við fæðingu eru ekki nema 46,3 ár og er þar margt sem kemur til. Malaría er algengur sjúkdómur í Malaví sem getur verið banvænn ef hann er ekki meðhöndlaður. Malaría berst með moskítóflugum en líkur á að fá moskítóbit minnka mikið ef sofnið er undir moskítóneti. Alnæmisveiran er landlæg og um 15% af barnshafandi konum

Heilbrigðismál

Lífslíkur við fæðingu: 46,3 ár
Ungbarnadauði: 79/1000
Dánartíðni barna undir 5 ára aldri: 125/1000
Dauði við barnsburð: 11/1000
Vannæring barna undir 5 ára aldri: 28%
Aðgangur að hreinu vatni: 61%
Fjöldi lækna á íbúa: 1/50.000

á aldrinum 15 til 24 ára greinast smitaðar. Berklar hafa á síðustu árum verið vaxandi vandamál og tengist það alnæmisfaraldrinum. Ekki hafa allir landsmenn aðgang að hreinu drykkjarvatni en mengað vatn hefur gríðarleg áhrif á heilsu fólks og eykur líkur á niðurgangi og öðrum sjúkdómum, sem berast með vatni, eins og kóleru. Ungbarna- og barnadauði er með því hæsta sem gerist í heiminum. Af hverjum 1000 fæddum börnum deyja

Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Vestræn heilbrigðisþjónusta, eins og við þekkjum hana, var ekki veitt í Malaví fyrr en með tilkomu trúboða. Fyrir þann tíma voru heilbrigðismálin í höndum græðara sem lögðu stund á aldagamlar lækningaaðferðir og enn þann dag í dag hafa þeir mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Í flestum þorpum er hægt að finna græðara sem veita margvíslega meðferð.

Hefðbundnum lækningaaðferðum (sem við myndum kalla óhefðbundnar á Íslandi) er beitt samhliða vestrænu heilbrigðiskerfi án mikilla árekstra og blandar fólki þessum tveimur aðferðum gjarnan saman. Trú á galdra og álög eru sterk í Malaví og ná yfir alla þjóðernishópa. Veikindi eru oft talin stafa af reiði forfeðra eða formæðra sem leggja galdur á einstaklinga til þess að leiðrétta það sem talin er slæm hegðun. Öfundsjúkir nágrannar eða vondir andar geta líka lagt á galdur. Græðarinn, öðru nafni hefðbundni læknirinn, getur lagað ýmislegt í andaheiminum en vestræn læknavísindi geta læknað líkamlega kvilla.

Ekki vinna allir eftir sömu aðferð. Í grófum dráttum er hægt að tala um heilara, lækna og apótekara. Þessi hugtök hafa ekki sömu merkingu og sams konar vestræn hugtök. Heilarar lækna í gegnum framliðið fólki og aðra anda sem segja heilaranum hvert vandamálið sé og hvernig best sé að leysa það. Andarnir segja til um hvaða jurtir eigi að gefa, í hvaða magni og hvenær. Andarnir setja líka upp verðið. Aðrir, sem eru kallaðir lækna, eru sérfróðir um náttúrulækningar og skynja oft einnig andaheiminn en það er minni þáttur í lækningarferlinu. Apótekarar kaupa lyf af læknum og eru einnig með mikið safn jurta og selja á götunni án þess að hafa hæfni til þess að sjúkdómsgreina.

Hefðbundin lækniþjónusta þykir oft persónulegri, aðgengilegri og ódýrari en þjónusta á heilsugæslustöðvum. Karlar kjósa t.d. oft að leita til hefðbundinna lækna með kynsjúkdóma og konur ef þær eiga erfitt með að eignast börn. Fóstureyðingar eru ólöglegar í Malaví en þær eru gjarnan framkvæmdar af hefðbundnum læknum. Því miður tekst það ekki alltaf vel og getur það haft skelfilegar afleiðingar fyrir konurnar. Þá eiga hefðbundnir lækna úrval af ástarlyfjum sem búin eru til úr jurtum og er talið að þeim fylgi einnig oft galdrar. Ríkulegt framboð er enn fremur af jurtum sem stýra eiga eiginmönnum frá framhjáhaldi.

Heimsmynd flestra Malava er lituð af því að ekki eru skýrar línur milli þess sýnilega og ósýnilega, veraldlega og andlega eða náttúrulega og yfirnáttúrulega. Það dregur því ekki úr gildi vestrænna læknavísinda að leita til hefðbundinna lækna og ekki heldur að sækja kirkju á sunnudegi og leita blessunar hjá galdralækni sama dag. Þessi tvö hugmyndakerfi tvinnast saman í eina heild og mótast af persónulegum smekk og reynslu hvers og eins.



Gule Wamkule dansarar mega ekki þekkjast og eru þeir dulbúnir með grímur (sjá umfjöllun bls. 16). Mynd: Gunnar Salvarsson.

79 fyrir eins árs aldur og 125 fyrir fimm ára aldur. Sem betur fer hefur ungbarna- og barnadauði hlutfallslega minnkað undanfarna áratugi og er það merki um að heilsufar barna sé að batna. Góð uppskera síðustu ára getur einnig verið orsök in en færri börn deyja úr vannæringu þegar vel árar. Helstu dánarorsakir barna eru malaría, lungnabólga, niðurgangur, mislingar og sjúkdómar tengdir næringarskortu vegna einhæfrar fæðu. Dauðsföllum kvenna í tengslum við meðgöngu og fæðingu hefur hins vegar ekki fækkað og er tíðni þeirra með því hæsta sem gerist í heiminum eða 11 af hverjum 1000 fæðingum.

Sjúkdómar herja einnig á fullorðna og eru það gjarnan þeir sömu og hjá börnum. Við bætast kynsjúkdómar og alnæmi sem breiðist hratt út. Sjúkdómurinn hefur höggvið stór skörð í raðir þeirra hópa sem alla jafnan bera hitann og þungann af uppbyggingu þjóðfélagsins. Heilbrigðiskerfið, sem samanstendur af ríkisreknum og einkareknum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, er ófullkomið og ræður ekki við þann fjölda sjúklinga sem þarfnast hjálpar. Skortur er á vel menntuðu starfsfólki, húsa- og tækjakostur er lélegur og of langt er á milli sjúkrastofnana. Það er t.d. einungis einn lækni á hverja 50 þúsund íbúa. Náttúrufarslegir þættir, einkum þurrkar og flóð, hafa líka mikil áhrif á þann vanda sem við er að glíma í heilbrigðiskerfinu. Samgöngur eru einnig oft á tíðum slakar, vegir torfærir og sjúkrabílar eru allt of fáir.

Jafnrétti kynjanna

Í jafnrétti kynjanna felst að fólki sé ekki mismunað eftir kynferði. Ójafn aðgangur kynjanna að auðæfum og lífsviðurværi, ójöfn valdahlutföll og tækifæri til menntunar og kynjaskipting vinnumarkaðarins eru meðal birtingarmyndar kynjamisréttis. Það finnst í öllum samfélögum í einhverri mynd en getur birst á ólíkan hátt eftir samfélagsgerð, efnahag og menningu. Þótt konur og karlar eigi að njóta jafnréttis samkvæmt stjórnarskrá Malaví er staða kvenna almennt lakari. Ýmsar hefðir, sem ekki eru allar endilega svo gamlar, skerða athafnafrelsi kvenna, t.d. er ferðafrelsi þeirra oft minna en karla sem hefur áhrif á tækifæri þeirra til atvinnu og þátttöku í viðskiptum. Í sumum tilfellum hafa konur jafnframt misst ákveðin réttindi með tilkomu vestrænna laga. Sem dæmi má nefna að með lögum um landareignir hefur erfðaréttur kvenna í mörgum tilvikum rýrnað.

Á um fjórðungi heimila í Malaví sjá konur einar fyrir fjölskyldunni en það fjölskylduform er algengara í sveitum en borgum. Algengt er að ekkjur og fráskildar konur sjái einar fyrir heimilum en þessar fjölskyldur eru jafnan í hópi þeirra fátækustu. Konur, sem sjá einar um heimili, hafa margar skyldur. Þær þurfa að hugsa um heimilið og börnin ásamt því að afla tekna utan heimilisins með launavinnu eða viðskiptum. Margar konur þurfa einnig að aðstoða veika eða aldraða ættingja. Karlar á vinnumarkaðinum hafa mun færri skyldum að gegna á heimilinu og hafa því meiri tíma en konur til þess að afla tekna. Sjaldgæfara er að karlar sjái einir fyrir heimilum í Malaví. Í heildina vinna konur fleiri stundir á viku en karlar þegar taldar eru saman vinnustundir bæði innan og utan heimilisins.

Þar sem flestir lifa af landbúnaði í Malaví er launuð vinna tiltölulega fátíð og fátíðari meðal kvenna en karla. Konur hafa yfirleitt minni menntun og eiga erfðara með að fá vinnu á vinnumarkaðinum en karlar enda hætta stúlkur frekar námi en drengir og fyrr. Einnig hafa karlar meiri aðgang að fjármagni, t.d. lánum til

fyrirtækjareksturs, í landbúnaði eða til að kaupa vörur þegar illa árar. Vinna kvenna í landbúnaði er sjaldan metin til fjár þrátt fyrir að konur afli oft á tíðum mikils hluta lífsviðurværis heimilanna.

Erfðir og völd í fjölskyldum

Í flestum þjóðernishópum í Malaví er hefð fyrir því að nýgift kona fylgi eiginmanni sínum og flytji í hans þorp. Réttindi hennar í fjölskyldu eiginmannsins eru í mörgum tilvikum ekki mikil. Fjölskylda föður er fyrst í erfðaröðinni og falli móðirin frá eru börnin í umsjá fjölskyldu hans. Tsjevarnir, sem er stærsti þjóðernishópurinn í Malaví, hafa hins vegar annan hátt á, því að venja er að eiginmaðurinn flytji í þorp konunnar. Höfuð fjölskyldunnar er þá yfirleitt elsti bróðir móðurinnar og hann er fyrstur í erfðaröð. Völdin eru þannig enn í höndum karla en þar sem konurnar búa áfram í sínu eigin þorpi er félagslegt net þeirra gjarnan sterkara en ella.

Í þorpunum er yfirleitt ætlast til að stórfjölskyldur deili með sér mat og öðrum lífsgæðum. Þessi venja er gríðarlega mikilvæg á tímum þegar skortur er á mat en hefur einnig þau áhrif að ekki er sjálfsagt fyrir einstaklinga að safna auði nema ættingjarnir fái að njóta hans líka. Miklir fólksflutningar frá þorpum í borgir hafa að sjálfsögðu raskað þessu kerfi.

Maður og náttúra

Náttúra og dýralíf

Náttúra Malaví er fjölbreytt en þar er að finna hásléttur, fjallgarða, djúpa dali og láglendi, að ógleymdu Malavívatni. Norðurhluti landsins er fjöllóttur og hæsti punktur svæðisins er á Nyika-hásléttunni í um 2600 metra hæð yfir sjávarmáli. Þar er ræktað kaffi til útflutnings, sem og te og tóbak í minna mæli. Miðhlutinn er flatari en fjöllóttur meðfram strönd

Malavívatns. Jarðvegurinn þar er góður til tóbaksræktar og eru margir stórir tóbaksbúgarðar í þessum landshluta. Höfuðborgin, Lilongve, er í miðju landsins og liggja þjóðvegir til allra átta út frá henni. Suður af borginni verða fjöllin aftur áberandi í landslaginu. Í suðurhlutanum er að finna hæsta fjall landsins, Mulanje-fjallið, sem er um 3000 metra hátt. Hluti fjallsins var gerður að þjóðgarði

árið 1927. Var það gert til að vernda vatnasvæði, sem þar er að finna, og fágæta skóga í hlífum fjallsins þar sem m.a. vex þjóðartré Malaví, Mulanje-sedrustréð. Í þessum landshluta má þó einnig finna það svæði sem liggur lægst en það er mesta landbúnaðarhérað landsins, Shire-dalurinn.

Tvær árstíðir eru í landinu, regntímabil frá október til apríl og þurrkátímabil frá apríl til október. Heitt er yfir regntímann, sérstaklega á láglendi og við Malavívatn, en nokkuð svalara er á fyrri hluta þurrkátímabilsins. Meðalhiti í höfuðborginni Lilongve, sem er í tæplega 1100 metra hæð yfir sjávarmáli, er 23°C í janúar og 16°C í júlí en er mun hærri á láglendinu, t.d. í Shire-dalnum.

Sigdalurinn mikli liggur í gegnum landið en hann nær frá Rauðahafinu í norðri og að Sambesídalnum í Mósambík í suðri en hann er eitt helsta jarðfræðilega einkenni austurhluta Afríku. Sigdalurinn hefur verið að mótast í 30 milljónir ára á mörkum meginlandsflekanna tveggja, Afríku- og Arabíuskagans, sem rekur í sundur. Landslag Malaví mótast að miklu leyti af Sigdalnum og Malavívatn er tilkomið vegna hans. Sigdalurinn er jarðhitasvæði og í Malaví eru nokkrir hverir.

Plöntu- og dýralíf er fjölbreytt og má m.a. rekja það til hæðarmunar í landslaginu. Sökum aukins þéttbýlis hefur stórum spendýrum fækkað, t.d. eru ljón afar sjaldgæf nú orðið. Nokkuð er um fíla í þjóðgörðum og flóðhestar eru algengir. Enn er þó mikil fjölbreytni meðal minni dýra og Malaví er fuglaparadís.



Maísakur. Maís er undirstöðufæða flestra Malava. Mynd: Gunnar Salvarsson.

Malavívatn

„Lífið er saltfiskur“ skrifaði Halldór Laxness og rétt eins og sjórinn gegnir stóru hlutverki í íslenskum sjávarplássum er vatnið lífæð íbúanna sem eiga heima í hinum fjölmörgu þorpum við strandlengju malavískra stöðuvatna. Langstærst af þessum stöðuvötnum er Malavívatn. Það er þriðja stærsta stöðuvatn í Afríku og líffræðilegur fjölbreytileiki þess er mikill. Ekki er vitað nákvæmlega hve margar fisktegundir eru í vatninu en vísindamenn telja að tegundirnar séu á bilinu 500 til 1000, fleiri tegundir en í öllum vötnum Evrópu til samans. Flestar þessara tegunda finnast hvergi í heiminum nema í þessu eina vatni.

Um 1000 fiskiþorp eru meðfram þeim hluta strandar Malavívatns sem er á yfirráðasvæði Malaví. Smábátar róa til fiskjar frá þessum þorpum og er aflinn þurrkaður eða reysktur í hverju þorpi. Einnig er nokkuð um að fiskur fari ferskur á markaði í stærri bæjum. Karlar sjá að mestu um fiskveiðar en konur annast gjarnan vinnslu og sölu afurða.

Umhverfismál

Á Vesturlöndum eiga flest umhverfsvandamál rætur sínar að rekja til mikillar neyslu og mengunar en í Malaví er þessu í mörgum tilvikum á annan veg farið. Þar er álag á nánasta umhverfi fólks mesta vandamálið, sérstaklega með tilliti til þess að stór hluti íbúa býr við sára fátækt og neyðist því oft á tíðum til að ofnýta endurnýjanlegar auðlindir til að afla brýnustu lífснаuðsynja eins og vatns og eldiviðar. Vandinn felst þannig einkum í því að fólksfjöldi og framleiðsluhættir haldast ekki í hendur.

Þar sem flestir Malavar stunda landbúnað sér til viðurværis geta veðurfarsbreytingar, svo sem miklir þurrkar eða rigningar, haft alvarlegar afleiðingar. Lítið er um áveitur og bændur þurfa því að treysta á að náttúrulegt tíðarfar haldist í góðu jafnvægi eigi þeir að ná góðri uppskeru.

Malavar nota aðallega vatnsaflsorku til að framleiða rafmagn en virkjanir í landinu duga ekki alltaf fyrir orkuþörfinni. Samt hafa einungis 7% íbúa landsins aðgang að rafmagni og notar langstærsti hluti landsmanna við og viðarkol í stað rafmagns til matargerðar. Rafmagnsnotkun í Malaví er 100 kílóvattstundir (kWh) á mann, sbr. ríflega 29 þúsund kílóvattstundir á mann á Íslandi á ári.

Malavar standa frammi fyrir alvarlegum umhverfisvanda. Jarðvegseyðing, eyðing skóga, mengun vatnsbóla og ofveiði í vötnum eru meðal þeirra umhverfsvandamála sem eru hvað alvarlegust en fátækt og álag á náttúruna af völdum vaxandi mannfjölda er undirrót flestra þessara vandamála. Áhersla er nú lögð á að veita íbúum aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að fyrir árið 2011 hafi 80% af íbúum landsins aðgang að hreinu vatni og 70% að bættri hreinlætisaðstöðu. Umhverfisstefna stjórnvalda frá árinu 2004 byggist á því að efla vitund íbúa landsins um umhverfismál og stefna að sjálfbærri nýtingu samfélagsins á þeim náttúruauðlindum sem nýttar eru.

Atvinnulíf og samgöngur

Landbúnaður

Efnahagskerfi Malaví er smátt í sniðum þrátt fyrir marga íbúa. Landið er í hópi fátækustu landa heims og stór hluti þjóðarinnar lifir af sjálfsþurftarbúskap. Meðallaun eru lág og misskipting auðs mikil. Mörg heimili í landinu eiga ekki fyrir daglegum nauðsynjum og um 65% þjóðarinnar lifir undir fátæktarmörkum samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum. Efnahagskerfið byggist að langstærstum hluta á landbúnaði sem stendur undir um 40% af landsframleiðslunni. Um 85% landsmanna lifa af landbúnaði og um 70% útflutnings eru landbúnaðarvörur. Meirihluti Malava eru smábændur en margir vinna einnig á plantekrum eða sinna öðrum svipuðum störfum. Maís er sú afurð sem flestir landsmenn rækta og nýta til manneldis og er hann ræktaður um allt land. Tóbak er helsta útflutningsafurðin og er það ræktað víða um landið. Aðrar útflutningsafurðir eru te, sykur og baðmull en ólíkt tóbakinu eru þær afurðir nánast eingöngu framleiddar í suðurhluta landsins. Hlutur sykurs og baðmullar í útflutningi hefur vaxið á síðustu árum í kjölfar þess að tóbaksverð hefur lækkað. Nánast eingöngu eru fluttar út hrávörur, þ.e. vörur sem ekki hafa verið unnar í verksmiðjum heima fyrir áður en þær eru fluttar á markað í útlöndum.

Eignarhald á landi er einkar mikilvægt þar sem landbúnaður er stundaður í miklum mæli í Malaví. Skortur á aðgangi að landi og fátækt fara oft saman. Aðgangur að landi virðist skipta konur meira máli en karla því að karlar eiga yfirleitt auðveldara með að afla tekna á annan hátt. Ef konur, sem sjá einar fyrir fjölskyldu, hafa ekki aðgang að landi lenda fjölskyldur þeirra frekar í hópi fátækra en fjölskyldur þar sem bæði hjónin eru fyrirvinnur. Flestar konur, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, stunda landbúnað að einhverju marki. Þrátt fyrir það ber á því að þær hafi ekki jafn góðan aðgang að upplýsingum um búskaparhætti og karlar. Ríkið veitir ráð og leiðbeiningar um landbúnaðarframleiðslu og hafa rannsóknir sýnt að svo virðist sem auðveldara sé fyrir karla að fá aðgang að slíkri þjónustu en konur. Ástæðurnar eru taldar vera skyldur kvenna á heimilum, svo sem umönnun barna og heimilisstörf, sem geta hamlað konum að fara í lengri ferðir til að sækja námskeið og afla sér upplýsinga.

Fiskveiðar

Talið er að um 200 þúsund Malavar hafi viðurværi sitt af fiskveiðum, fiskvinnslu og sölu fiskafurða. Langflestir fiskimenn í Malaví róa eintrjáningum en stærri trébátum hefur þó fjölgað nokkuð síðustu tvo áratugina. Vélvædd útgerð stærri skipa hófst um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar og er einkum í höndum eins útgerðarfyrirtækis. Þá freista æ fleiri Malavar gæfunnar sem fiskimenn og fjöldi eintrjáninga vex því í sífellu en aflinn úr vatninu

Efnahagsmál

Kaupmáttur á mann (GDP PPP): 667 Bandaríkjadóllarar á ári

Aðalatvinnuvegur: Landbúnaður

Mikilvægustu útflutningsvörur: Tóbak, sykur og te

Helstu viðskiptalönd: Útflutningur til Suður-Afríku, Þýskalands og Egyptalands; innflutningur frá Suður-Afríku, Indlandi og Sambíu.

Markaðslíf í Malaví

Þegar heit Afríkusólin sendir fyrstu geisla sína yfir hinar víðáttmiklu sléttur Malaví hefst kapphlaupið. Bændur af öllum stigum samfélagsins hjóla eftir rykugum sveitastígum Malaví inn á þjóðvegina. Einn þeirra heitir Banda og munum við fylgjast með honum. Bændurnir fara að heiman um klukkan fjögur að morgni og hraða sér á heimamarkaðinn til að koma vörum sínum fyrir í bið eftir kaupendum sem margir eru ferðamenn á leið um landið. Reyndar bíða þeir sérstaklega eftir milliliðunum. Það góða við þessa heimamarkaði er að þeir eru yfirleitt ekki opnir á hverjum degi. Msika, markaðurinn, er bundinn vissum dögum, oftast miðvikudögum og laugardögum. Þannig fá bændur eins og Banda nægan tíma til að huga að ræktuninni.

Venjulega er búið að koma öllu fyrir á markaðnum um klukkan sex að morgni. Ys og þys víkur fyrir eftirvæntingu og allir mæna á veginn í bið eftir fyrstu viðskiptavinum dagsins. Með golumni berst ilmur af nýveiddum fiski í bland við angan af ferskvöru með heimagerðu kryddi og jurtum. Því næst, rétt eins og hendi sé veifað, flykkist inn á msika herskari ökutækja. Kaupendur láta áhuga sinn á tiltekinni vöru í ljós með hrópum, seljendur æpa verðið í þeirri von að leiða athyglina frá samkeppnisaðilunum. Flestir kaupenda eru í reynd ekki að kaupa til heimilisins heldur eru þeir kaupskýslumenn, milliliðirnir. Yfirleitt kaupa þeir mikið magn í einu. Hér eru kaupmenn á borð við hann Patel sem rekur keðju matvöruverslana í borginni, svo má nefna frú Mlenga sem er birgir fyrir stóra smásöluaðila í borginni. En það er annar hópur sem vekur athygli, það eru smákaupmennirnir sem eru lífæð allra borgarbúa. Þeir sjá aðalmarkaði borgarinnar fyrir vörum. Það er enginn venjulegur markaður; slíkir markaðir eru oftast um þrisvar sinnum stærri en heimamarkaðirnir og anna um fimm sinnum meiri eftirspurn. Mikilvægast er þó að þeir eru opnir alla daga vikunnar.

Bóndinn Banda fer allajafna þangað. Hann hefur eiginlega ekki trú á því að selja framleiðsluna á heimamarkaði. Hann telur að með því að losa sig við milliliðinn geti hann hagnast meira. Því heldur hann áfram til borgarinnar. Hann er venjulega kominn þangað upp úr átta og það tekur hann um hálf tíma að stilla vörunum upp. Háannatíminn er oftast í kringum hádegið og aftur um hálf fimmleytið þegar fólk heldur heim frá vinnu sem þýðir þó ekki að það sé rólegt fram að því. Öðru nær, hér gengur allt mjög hratt fyrir sig, samið snarlega um kaup og sölu frá sólarupprás til sólarlags.

Þegar klukkan er rétt um fimm heldur Banda heimleiðis á hjólinu. Heim á býlið, handan endimarka borgarinnar og fjarri síðustu götuljósunum. Halda mætti að hann hafi áhyggjur af því hversu langt er liðið á daginn og heimleiðin löng. Aldeilis ekki, hann er að hugsa um hversu vel honum gekk að selja og hvernig það muni styðja börn hans til mennta. Hvernig sparifé hans muni safnast upp og auka umsvif hans og bæta lífsgæði fjölskyldunnar. Hann er enginn draumóramaður, hann gerir sér grein fyrir því að hann verður aldrei milljónamæringur, lækni eða lögfræðingur með þessu starfi en ef hann heldur sig að vinnu... hver veit nema börnin hans verði það.

Saga eftir Kalowa Magwira



Grænmeti og ávextir eru til sölu víða við þjóðveginn. Kartöflur eru ræktaðar á hálendi því of heitt er fyrir ræktun þeirra á láglandi. Mynd: Gunnar Salvarsson.

hefur ekki aukist að sama skapi. Eintrjáningarnir hafa raunar verið að minnka á undanförnum áratugum. Mikil skógareyðing er ástæða þess en hún hefur valdið því að úrval er lítið af stórum trjábolum. Eintrjáningar geta ekki farið langt frá ströndinni og fiskistofnar hafa því margir verið ofnýttir á grunnslóð. Aftur á móti er talið að stofnar, sem halda til á meira dýpi, þoli meiri nýtingu. En hafa verður í huga að það er dýrara að veiða þann fisk sem veiðist á dýpra vatni.

Á undanförnum áratugum hefur afli í Malavívatni dregist verulega saman. Aukinn ágangur, bæði í veiðum og annarri nýtingu á vatninu og strandlengjunni, hefur m.a. haft slæm áhrif á mikilvægar uppeldisstöðvar fiska. Þá hefur aflasamsetning verið að breytast og gætu loftslagsbreytingar átt þátt í þeim breytingum. Fólksfjölgun hefur verið mikil og fiskneysla á mann hefur því minnkað mjög mikið. Í kringum 1970 var hún í kringum 14 kg á mann á ári en var í byrjun 21. aldarinnar aðeins í kringum 4 kg á mann. Þar með hefur dregið úr aðgangi almennings að þessum mikilvæga og ódýra prótínjafa.

Iðnaður

Í Malaví koma samtals um 11% landsframleiðslunnar frá verksmiðjum og iðnaðarfyrirtækjum. Einkum eru framleiddar ýmsar neysluvörur fyrir heimamarkað, svo sem plast, vefnaðarvara og sápa. Stærsti hluti framleiðslunnar er fyrir innanlandsmarkað en framleiðslan er oft erfið og dýr þrátt fyrir ódýrt vinnuafl. Ástæðurnar eru m.a. hátt eldsneytisverð, erfiðleikar við að fá lán á fjármálamarkaðinum, mikill flutningskostnaður og slæmar aðstæður almennt. Framleiðslan er því í mikilli samkeppni við innfluttar vörur. Malavar eru tiltölulega háðir innflutningi á flestum neysluvörum og verða jafnvel að flytja inn maís þegar uppskerubrestur verður. Helstu innflutningsvörurnar koma frá Suður-Afríku, Indlandi og Sambíu. Nokkur stór, malavísk fyrirtæki eru starfandi á byggingarmarkaði en flest byggingarfyrirtæki eru smá og taka fyrst og fremst að sér lítil og einföld verk. Suður-afrísk fyrirtæki lögðu undir sig stórar framkvæmdir á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og sáu um flestar meiri háttar framkvæmdir. Nú orðið er lítið um stórar framkvæmdir en í borgunum hafa litlu fyrirtækin þó fengið verkefni við að byggja skrifstofubyggingar og verslanir. Einnig hefur stefna stjórnvalda um að laga grunnvirkið, einkum samgöngukerfið, bætt aðstæður fyrir fyrirtækjarekstur.

Þrátt fyrir að talsvert sé um hráefni í jörðu í Malaví er námuvinnsla ekki mikil. Í norðurhluta landsins er kolanáma og árið 2003 var farið að vinna gimsteinana rúbín og safír úr námu í miðhluta landsins og fást nokkur kíló á mánuði úr henni. Kalk finnst einnig í jörðu og er það einkum notað í byggingariðnaði innanlands. Úrannáma er í undirbúningi og miklar vonir eru bundnar við að hún verði góð tekjulind. Loks má nefna að fundist hefur báxít sem er hráefni fyrir álframleiðslu.

Samgöngur

Samgöngur og fjarskiptakerfi hafa mikla þýðingu fyrir efnahag landa. Þar sem Malaví hefur ekki aðgang að sjó skipta samgöngur á landi til nágrannalandanna miklu máli. Vegakerfið innanlands er enn takmarkað og vegir víða í slæmu ástandi. Ódýrasta og stysta flutningsleiðin til Malaví frá sjó liggur í gegnum hafnirnar í Beira og

Nacala í Mósambík. Næstu hafnir eru í Suður-Afríku og Tansaníu en það eru mun dýrari flutningsleiðir. Tveir alþjóðlegir flugvellar eru í Malaví, annar í Lilongve og hinn í Blantyre. Air Malawi er malavískt flugfélag í eigu ríkisins og flýgur til nokkurra áfangastaða erlendis, m.a. til Jóhannesarborgar í Suður-Afríku.

Þegar Malaví fékk sjálfstæði árið 1964 náði vegakerfið í landinu yfir rúmlega tíu þúsund kílómetra og ekki nema rúmlega fjórtán þúsund kílómetra árið 1995. Aðeins hluti þess var malbikaður. Evrópusambandið og Alþjóðabankinn hafa á undanförnum árum lagt fjármagn í uppbyggingu vegakerfisins, m.a. með það að markmiði að efla efnahag landsins. Bílaeign er takmörkuð og flestir Malavar ferðast fótgangandi, á hjóli eða kaupa sér far með rútum eða minni bílum. Ökutækjum hefur þó fjölgað í landinu síðustu ár og er brýnt að auka öryggi vegfarenda. Almenningssamgöngur eru áhættuþáttur í daglegu lífi þeirra Malava sem þurfa að ferðast langar vegalengdir. Sendiferðabílar, sem taka farþega, kallast Mtola og eru oft með mun fleiri farþega en leyfi er fyrir, auk hænsna, fisks og alls kyns annars varnings. Bílar eru sjaldnast í góðu ástandi og slys eru mjög tíð.

Farsímar ryðja sér til rúms

Fastlínusímakerfið í Malaví er gamalt og úr sér gengið, auk þess sem aðeins borgir og stærri byggðakjarnar eru í símasambandi. Einungis um 1% íbúanna hefur fastlínusíma og fjöldi þorpa út á landi er án slíks sambands. Notkun farsíma hefur aukist mikið í Malaví undanfarin ár sem hefur haft í för með sér byltingu í fjarsamskiptum þar, sérstaklega fyrir fólk í dreifbýli. Verið er að byggja upp farsímakerfið en enn eru þó stór svæði í landinu sambandslaus. Margir hafa ekki efni á að kaupa sér farsíma en aðrir hafa gert sér tekjulind úr því og selja fólki aðgang að farsímtölum. Verslanir bjóða líka upp á að hlaða farsíma fyrir fólk sem er ekki með rafmagn heima hjá sér en á engu að síður síma.

Ferðaþjónusta

Malavar kalla gjarnan landið sitt hið hlýja hjarta Afríku þar sem fólkið er vingjarnlegt og landslagið fallett. Náttúra Malaví er fjölbreytt og ferðamenn hafa marga möguleika til að njóta hennar. Í landinu eru þó nokkrir þjóðgarðar þar sem hægt er að sjá flóðhesta, krókóðíla, fíla og fjölskrúðugt fuglalíf. Þekktasti þjóðgarðurinn heitir Liwonde og er hann við Shire-ána. Þar eru áhugaverðir gistimöguleikar og hægt að fara í skoðunarferðir, akandi, siglandi á ánni eða gangandi. Mulanje-fjalllendið í suðurhluta landsins er vinsælt fjallgöngusvæði og er það mikil áskorun fyrir ferðamenn að komast upp á hinn 3000 metra háa tind. Við ströndina meðfram Malavívatni eru fallegir áfangastaðir þar sem hægt er að njóta sólarinnar og taka sundsprett. Cape Maclear hefur lengi verið vinsæll staður fyrir bakpokaferðalanga. Þar er hægt að leigja báta og kafa í vatninu. Í Malavívatni eru margar sérstæðar fisktegundir og margar fisktegundir í fiskabúrum á Vesturlöndum eiga uppruna sinn að rekja til Malavívatns. Ferðamenn í Malaví eru þó enn sem komið er ekki margir. Ferðamannaiðnaðurinn er ekki vel þróaður og því getur verið erfitt að skipuleggja ferðir þangað en á móti kemur að ferðamennirnir eru sjaldan að þvælast hver fyrir öðrum.

Þróunarsamvinna Íslands og Malaví

Malaví er meðal fátækustu ríkja heims. Það hefur verið samstarfsland Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) síðan árið 1989 og er það land sem fær mest framlög frá stofnuninni. Þetta langa og öfluga samstarf hefur skapað margvísleg tengsl milli landanna.

Frá því um aldamótin 2000 hefur ÞSSÍ, í samvinnu við fátækustu samstarfslönd sín, mótað aðferð sem kalla má byggðapróun. Malaví er eitt af þeim löndum þar sem þessi aðferð hefur verið þróuð en hún felst í því að styðja aðgerðir sem ná til margra þátta og geira í samfélaginu á afmörkuðum svæðum, t.d. í einu tilteknu héraði. Aðgerðirnar eiga að stuðla að umbótum í málaflokkum eins og menntun, heilsugæslu, umhverfisvernd og fæðuframléiðslu. Unnið er með héraðsstjórnnum í samráði og samstarfi við stjórnvöld, þorpssamfélög og aðrar þróunarsamvinnustofnanir og félagasamtök sem veita aðstoð á sama svæði. Markmiðið er að vinna að félags- og efnahagslegum umbótum, draga úr fátækt og auka hagsæld með því að efla grunnþjónustu og innviði héraðanna. Með þessari nálgun er lögð áhersla á þátttöku og eignarhald samfélagsins og er ávallt unnið í samræmi við stefnu stjórnvalda samstarfslandanna um þróun og í náinni samvinnu við þau. Í Malaví beinir ÞSSÍ stórum hluta framlaga sinna til Mangochi-héraðs í suðurhluta landsins. Áhersla er lögð á stuðning við uppbyggingu á sviði fiskimála, heilbrigðismála, vatnsmála og menntunar.

Stuðningur við fiskimál

Upphaflega beindist þróunarsamvinna ÞSSÍ og malavískra stjórnvalda nær eingöngu að uppbyggingu í fiskimálageiranum og var lögð megináhersla á þann málaflokk um árabíl. Fiskirannsóknir í Malavívatni, menntastofnanir á sviði fiskimála, bæði í fiskeldi og sjómennsku, voru styrktar og enn fremur kortlagning á botndýpi Malavívatns. Stórum hluta af þessu samstarfi er lokið eða það komið á lokastig.

Eitt af elstu samstarfsverkefnum ÞSSÍ í Malaví er uppbygging fiskeldisbrautar Bundaháskóla sem er hluti af Háskóla Malaví. Verkefnið hefur staðið yfir frá 1994 en mun ljúka árið 2009. Mikill áhugi er meðal stjórnvalda í Malaví á því að efla fiskirækt og fiskeldi í landinu, m.a. til að mæta samdrætti í veiðum í vötnum landsins. Í samstarfi ÞSSÍ við Bundaháskóla hefur verið haft að leiðarljósi að byggja upp innlenda þekkingu með menntun og rannsóknnum. Verkefnið hefur gengið vel og eru nú allir kennarar heimamenn og deildin gegnir veigamiklu hlutverki í samfélaginu sem þekkingarmiðstöð og ráðgefandi aðili fyrir stjórnvöld og einkaaðila.

Verkefni í tæknivæðingu smábátaútgerðar hófst árið 2005 og meginmarkmiðið með því er að renna stoðum



Smábátar ró á fiskjar frá hinum fjölmörgu fiskiþorpum sem eru við Malavívatn. Margir veiða á eintrjáningum sem þessum. Mynd: Skarphéðinn Þórisson.

undir sjálfbærar fiskveiðar í Mangochi-héraði þar sem íbúar fjölmargra þorpa byggja afkomu sína að stórum hluta á fiskveiðum og viðskiptum með fisk. Með þessu verkefni er unnið að því að ná sjöunda þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og skynsamlega nýtingu auðlinda. Rannsóknir á Malavívatni hafa sýnt of mikla ásókn í stofna á grunnslóð þangað sem flestir fiskimenn sækja en fiskistofnar á dýpra vatni eru vannýttir. Þess vegna var hafist handa við að þróa heppileg veiðarfæri, nætur, net og línu, fyrir dýpra vatn í samvinnu við fiskimálayfirvöld og með þátttöku fiskimanna. Jafnframt er leitað leiða til að finna nýjar lausnir í bátakosti smábátafiskimanna en eins og áður hefur komið fram er þegar mikill skortur á trjáviði í hefðbundna báta. Einnig er gætt að öryggismálum á djúpslóð og fiskimönnum boðið upp á námskeið til að varast hættur og veita skyndihjálp. Þá er fiskverkendum og sölufólki, sem eru að helmingi konur, boðin námskeið í undirstöðu kaupsýslu og hefur þeim námskeiðum verið afar vel tekið. Verkefnið er skipulagt til fimm ára og eru vonir bundnar við að það muni skila ákveðnum vísbendingum um hvernig hægt sé að nýta fiskiauðlindir Malavívatns á skynsamlegan hátt við þær aðstæður, sem skapast hafa, í þágu smábátafiskimanna og íbúa fiskiþorpanna meðfram strönd vatnsins.

Stuðningur við heilbrigðismál

ÞSSÍ hefur stutt við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Apaflóasvæðinu í Mangochi frá árinu 2000. Meginmarkmiðið er að styðja malavísk stjórnvöld í því að framfylgja stefnu sinni í heilbrigðisþjónustu á svæðinu sem er í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna en þrjú markmiðanna lúta beint að þessum málaflokki. Um er að ræða þjónustu við rúmlega 100 þúsund íbúa sem hafa aðgang að fjórum heilsugæslustöðvum og einu sjúkrahúsi.

ÞSSÍ hefur stutt við uppbyggingu ytri umgerðar heilbrigðisþjónustunnar, m.a. með byggingu nýs svæðissjúkrahúss og heilsugæslustöðvar og stuðningi við sjúkraflutninga. ÞSSÍ hefur einnig fjármagnað byggingu húsnæðis fyrir starfsfólk. Auk ytri umgerðar starfsins hefur ÞSSÍ styrkt innra starf heilsugæslunnar með menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks, bættri þjónustu við þorpin, m.a. með öflun og úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og stefnumótun heilbrigðismála á svæðinu. Starfið hefur einnig verið stutt með rannsóknarvinnu íslenskra lækna- og ljósmæðranema sem hafa fengið að kynnast aðstæðum á vettvangi í svo fátæku landi sem Malaví. Samtímis hafa þeir lagt sitt að mörkum til að efla faglega undirstöðu heilsugæslustarfsins. Malavískir læknanemar hafa einnig fengið stuðning við framkvæmd rannsóknarverkefna á svæðinu í námi sínu.

ÞSSÍ hefur enn fremur um árábil lagt fram fjármagn til frjálsra félagasamtaka sem vinna að því með heilbrigðisyrfvöldum að endurbyggja, bæta og halda við húsakosti sjúkrahúss í höfuðborginni Lilongve.

Stuðningur við vatns- og fráveitumál

Á árinu 2006 hófst stuðningur ÞSSÍ við að bæta vatns- og fráveitumál á Apaflóasvæðinu í Mangochi-héraði. Aðgangur að hreinu vatni er hluti af sjöunda þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið er unnið í nānu samstarfi við stjórnvöld og íbúa svæðisins og er meginmarkmiðið með því að stuðla að bættri heilsu íbúa héraðsins. Sjúkdómar, sem orsakast af óhreinu drykkjarvatni, eru algengir, eins og

niðurgangur, og kólerufaraldrar brjótast stundum út. Leitast er við að bæta aðgang að hreinu drykkjarvatni, auka vitund almennings á svæðinu um gildi hreinlætis og styðja íbúa við að byggja sér kamra. Þá er verkefninu ætlað að vernda vatnsauðlindir, bæta viðhaldsgetu á sveitarstjórnarstigi og byggja upp samstarf um stjórn- og stoðkerfi. Stefnt er að því að bora eða endurbæta 150 borholur og að endurbæta og vernda 300 brunna. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsfólks og íbúa í viðhaldi vatnsbólanna. Enn fremur er stefnt að því að veita um 20 þúsund heimilum stuðning til að koma sér upp kömrum og betri þvottaaðstöðu og loks að bæta meðferð á sorpi. Verkefnið er skipulagt til fimm ára og er það fyrsta sinnar tegundar sem ÞSSÍ tekur þátt í.

Stuðningur við grunnmenntun og fullorðinsfræðslu

Annað þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna fjallar um menntun barna. Í samræmi við þetta markmið hefur ÞSSÍ á undanförunum árum veitt fjármunum til uppbyggingar skólahúsnæðis í Mangochi-héraði með áherslu á Apaflóasvæðið. Margir skólar á svæðinu hafa liðið fyrir skort á viðhaldi og ekki getað mætt fjölgun nemenda. Í sumum tilvikum hafa nemendur orðið að sitja í skugga trjáanna við námið vegna skorts á húsnæði. ÞSSÍ hefur unnið náíð með fræðsluyfirvöldum í Mangochi um að kortleggja þörfina í héraðinu fyrir endurbætur og nýbyggingar og hafa margir grunnskólar verið endurbættir og stækkaðir. Einnig er hafinn stuðningur við byggingu og viðhald á framhaldsskólum á svæðinu. Þá hafa verið byggð starfsmannahús og húsgögn keypt í skólana. Jafnframt er lögð áhersla á að veita starfsfólki, skólanefndum og öðrum aðstandendum skólanna þjálfun í viðhaldi og endurbótum á húsnæðinu. Þess er vænst að betri aðbúnaður laði að góða kennara og skapi betra andrúmsloft til náms og kennslu. Samkvæmt upplýsingum frá fræðsluyfirvöldum í héraðinu hefur aðsókn að skólum á Apaflóasvæðinu aukist verulega að undanförunu, bæði hvað varðar fjölda nemenda og kennara. Nokkrir þessara skóla hafa eignast vinaskóla á Íslandi, nemendum í báðum löndum til gagns og gamans.

Þrátt fyrir umbætur í menntamálum á síðustu árum er ólæsi meðal Malava eldri en 15 ára enn þá um 36%. ÞSSÍ hefur frá árinu 2001 styrkt fullorðinsfræðsluverkefni í Mangochi-héraði þar sem ólæsi er enn algengara en á landsvísu. Markmiðið með þessu verkefni er að efla frumkvæðisrétt þátttakenda og að veita fullorðnum einstaklingum tækifæri til að læra að lesa, skrifa og reikna. Þeir sem læra að lesa og skrifa fá aukna möguleika á að taka virkan þátt í samfélaginu og nýta sér réttindi sín. Nálgunin, sem beitt er í verkefninu, er að tengja lestrarkennslu við umræður um mikilvæg mál í samfélaginu. Hluti af verkefninu felst í því að styrkja þróunarverkefni sem þátttakendur í leshópum hafa komið sér saman um, stjórna og bera ábyrgð á. Verkefnið er hluti af starfsemi ÞSSÍ til að vinna að þriðja þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna og að styrkja frumkvæðisrétt kvenna. Ólæsi er mun algengara meðal kvenna og flestir þátttakendur í leshópum eru konur.

Helstu ritaðar heimildir

Alþjóðabankinn. 2008. Malawi Country Brief. Vefslóð: www.worldbank.org

de Blij, H.J. og Peter O. Muller. 2000. *Geography: Realms, Regions and Concepts*. 9. útgáfa. New York: John Wiley & Sons.

Economic Intelligence Unit. 2007. *Country Profile: Malawi* 2006. London: Economic Intelligence Unit.

Hagstofa Malaví (National Statistical Office of Malawi). Vefslóð: www.nso.malawi.net

Mathiassen, Astrid, Rhoda Eliasi, Mylen Mahowe, David Chunga, Gunvor Iversen, Siv Irene Pedersen og Dag Roll-Hansen. 2007. *Gender Assessment for Malawi*. Oslo og Kongsvinger: Statistisk sentralbyrå.

Meredith, Martin. 2006. *The State of Africa. A History of Fifty Years of Independence*. Jeppestown: Jonathan Ball Publishers.

White, Seodi. 2007. *Malawi: Country Gender Profile*. Lilongwe: JICA

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP). 2007. *Þróunarskýrsla 2007/2008. Baráttan við loftslagsbreytingar: Samstaða manna í sundruðum heimi*. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna og Miðstöð Sameinuðu þjóðanna.

Þróunarmálaskrifstofa Bretlands (DFID). 2008. Country Profile Malawi. Vefslóð: www.dfid.gov.uk/countries/africa/malawi.asp

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vefslóðir: www.2015.is og www.un.org/millenniumgoals



Þetta rit er hið fimmta í ritröðinni *Smárit ÞSSÍ* sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands gefur út. Ritin eru ætluð almenningi og skólafólki til fróðleiks um samstarfslönd ÞSSÍ. Í þessu riti er í stuttu máli fjallað um land og þjóð, sögu, menningu, þjóðfélags- og umhverfismál í Malaví og er leitast við að varpa ljósi á lífskjör og aðstæður íbúa landsins. Enn fremur er gefið stutt yfirlit yfir þróunarsamstarf Íslands og Malaví sem hófst árið 1989.